

öðru leyti á dómur þessi að vera óraskaður. Svo greiði áfrýjandi og stefnda málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maímánaðar.

Nr. 20/1905:

Réttvísín

gegn

Gustaf Adolf Gabrielsson.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, gengnum 26. nóvembermán f. á., var hinn ákærði, Gustaf Adolf Gabrielsson, dæmdur fyrir brot á 202. gr., 205. gr. og 223. gr., sbr. 46. gr. alm. hegningarlaga, í 100 kr. sekt eða til þess, ef sektin ekki væri greidd í ákveðinn tíma, að sæta einföldu fangelsi í 24 daga. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi er af hálfu hins opinbera áfrýjað til landsyfírréttarins.

Það er löglega sannað í málinu, að hinn ákærði var mjög drukkin 14. ágúst f. á. og að hann þá lenti í áflogum við húsbónda sinn Þórhannes Gíslason á Dvergasteini; fór þá kona Þórhannesar til verzlunarstjóra Clausens þar á staðnum og beiddi hann að hjálpa manni sínum, er ákærði fór illa með. Clausen brá við

og fór með 2 mönnum til heimilis Þórhannesar — en hann varð á undan samfylgdarmönnum sínum — lagði hönd sína á öxl ákærða, sem þá var í áflogum við Þórhannes, og vildi stilla til friðar, en ákærði klóraði hann þá lítið eitt til blóðs í andliti. Varð svo ekkert að vandræðum frekar í það sinn, en Clausen fór heim til sín, en ákærði, sem var mjög reiður, elti hann og vildi hlaupa inn í hús hans. Clausen tók þá á móti ákærða og varpaði honum til jarðar; urðu engin frekari áflog þeirra í milli; en Clausen fór inn í hús sitt. Ákærði reyndi þá lengi vel til að komast inn í hús Clausens með því að gjöra tilraun til að brjóta upp húshurðina og hafði hann járnkall til þess; lamdi hann húsið utan og loks kastaði hann 3 allstórum steinum inn um glugga á húsinu, og ekki hætti hann þessu atferli fyrir en Clausen skaut haglaskoti á hann, er hitti hann í síðuna.

Fyrir þetta höfðaði sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu með stefnu 25. okt. f. á. mál á móti ákærða af hálfu réttvísinnar, og er í stefnunni brotið nefnt áverki við mann og röskun á friðhelgi heimilisins. Var ákærði svo dæmdur eins og áður segir fyrir brot gegn 202., 205. og 223. gr. hegningarl., sbr. við 46. gr. þeirra. En mál út af broti gegn 202. og 223. gr. getur hið opinbera ekki höfðað, heldur að eins sá, er misgjört er við, og að því er snertir 205. gr. hegningarl. — en fyrir brot gegn henni getur hið opinbera sótt málið — þá verður ekki álitid að ákærði hafi brotið gegn henni, því að eftir skýrslum málsins hefir hann eigi veitt Clausen áverka þess eðlis, sem ráð er fyrir gjört í nýnefndri grein hegningarlaganna, þótt hann, sem var talsvert drukkinn, í þeim móði, sem hann var í út af

áflogunum við húsbónda sinn, klóraði Clausen í framan, er hann vildi stilla til friðar.

Samkvæmt því sem nú var sagt og með þeirri athugasemd að ákærða hefir eigi verið stefnt fyrir brot eftir 298. gr. alm. hegningarlaga, ber að sykna ákærða af ákæru réttvísinnar í þessu máli, og verður þá að greiða allan sakarkostnað af almannafé, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Að því er rekstur málsins í héraði snertir, er það aðfinningarvert, að dómarrinn ekki hefir tilgreint, hvert hin ídæmda sekt skyldi renna; að öðru leyti vottast, að málið hefir í héraði verið rekið með tilhlýðilegum hraða og að sókn og vörn í því við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði Gustaf Adolf Gabrielsson á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í þessu máli. Allur málskostnaður, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Páls Vídalín Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.